

# Mat á veiðiálagi í Elliðavatni 2002

Jón Kristjánsson  
fiskifræðingur

Reykjavík 23. febrúar 2003

## Inngangur

Mat á veiðiálagi í Elliðavatni er liður í samvinnuverkefni Kópavogs og Reykjavíkur um úttekt á vatnasvæði Elliðavatns og vöktun í framhaldi af henni. Verkefnið sem falið var höfundu fólst í að meta veiðiálag í vatninu sumarið 2002 með því að fylgjast skipulega með sókn og afla veiðimanna, svo og merkjaskilum. Einnig skyldi setja fram, í samvinnu við veiðifélag Elliðavatns, tillögur um útfærslu á veiðiskýrslum og heimtur á þeim. Þá skyldi móta tillögur um framtíðarskipan á upplýsingasöfnun um veiði í Elliðavatni.

## Rannsóknargögn og aðferðir

### Veiðifyrirkomulag og veiðileyfi

Veiðileyfi fást á Vatnsenda og Elliðavatni. Unglingar, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá ókeypis veiðileyfi. Þeir kvitta fyrir móttöku leyfis en Reykjavíkurborg og Kópavogskaupstaður greiða síðan Veiðifélagi Elliðavatns leyfin gegn framvísun gagna. Einnig er í gildi samningur við Stangveiðifélag Reykjavíkur (S.V.F.R.) og Starfsmannafélag Orkuveitu (S.T.O.R.) um afslátt handa félagsmönnum. Aðrir veiðimenn staðgreiða leyfin sem kostuðu 900 kr á dag árið 2002. Minnst er hægt að kaupa heilan dag. Hægt er að kaupa sumarleyfi sem gilda fyrir hvert veiðisvæði á 10, 000 kr. Handhafi slíks leyfis má þá veiða að vild allt veiðitímabilið sem er 1. maí - 15. september. Veiðisvæði eru 3, Elliðavatn með Helluvatni, Vatnsendavatn og Hólmsá (mynd1). Daglegur veiðitími er kl. 07.00-23.00.


### Sókn og afli

Áætlað var að nota svokallaða "creel survey" sem felst í velja veiðidaga af handahófi, tala þá við veiðimenn sem voru að veiða og biðja þá að gefa upplýsingar um afla, viðveru og fleira er máli skipti. Þetta var reynt en því fljótlega hætt, vegna þess hve veiðimenn voru fáir og oft sama fólk.

Farin var önnur leið. Valdir voru dagar af handahófi og þá skráð hve margir voru að veiða og hvar. Staðsetning veiðimanna var merktir inn á kort. Alls tók þessi athugun til 22 daga, tímabilið 18. maí - 10. ágúst.

Seld veiðileyfi segja til um fjölda heimsókna en ekki hve lengi veiðimenn eru að í hvert skipti.

Innsendar veiðiskýrslur gáfu upplýsingar um afla og viðveru, en einungis 12% seldra veiðileyfa skiluðu sér til baka sem veiðiskýrslur. Veiðiskýrslurnar voru notaðar til að meta viðveru og afla þeirra sem skiluðu skýrslunum. Þessi aðferð gefur einungis hugmynd um lágmarksafla og hlutfall urriða og bleikju. Ekki var notast við þyngdartölur, því athugun sýndi að þeim bar engan veginn



saman við þyngdardreifingu fiska sem fengust við rannsóknaveiðar í vatninu.

Reikna verður með að þeir sem ekki fengu neitt hafi verið tregari til að skila skýrslum, þannig að ekki er hægt að meta afla veiðimanna með því að reikna hann beint út frá hlutfalli þeirra sem skiluðu aflaskýrslum. Lágmarksafla fæst með því að skoða veiðiskýrslur.

Þá er unnt að reikna afla út frá endurheimtum merkjum frá veiðimönnum þar sem hlutfall merkja í stofni er þekkt. Vanskil merkja eru óþekkt en vitað er að þau eru nokkur.

Einnig má meta afla veiðimanna með því að skoða heildarafföll milli ára, en þau finnast við stofnmælingar í því merkingaverkefni sem stendur yfir. Þá þarf m.a. að taka tillit til náttúrulegra affalla (Jón Kristjánsson 2003).

## Niðurstöður

### 1. Seld veiðileyfi

Tafla 1 sýnir sölu á veiðileyfum (brúttó- og bráðabirgðatölur) árið 2002 og skiptingu tekna milli staða, Vatnsenda og Elliðavatns. Þetta eru þá kemur fram hve margir staðgreiða leyfin og hve mikið aðrir aðilar greiða. Einnig má sjá hve margar stengur hafa verið seldar fjöldi sumarleyfa og skipting þeirra milli svæða.

Veiðileyfasala 2002		Bein sala	Greitt af Reykjavík	Greitt af Kópavogi	S.V.F.R.	S.T.O.R.	Samtals tekjur
Elliðavatn	Kr	1,381,400	879,300	183,150	611,000	43,200	<b>3,098,050</b>
	Fj. stanga	1246	977	196	290	48	<b>2,757</b>
	Fj. sumarl.	26			35		<b>61</b>
	Æsk			27			<b>27</b>
Vatnsendi	Kr	212,800	2061,00	32,400	67,900	8,100	<b>527,300</b>
	Fj. stanga	192	229	36	31	9	<b>497</b>
	Fj. sumarl.	4			4		<b>8</b>
	Æsk						
Samtals	Kr	<b>1,594,200</b>	<b>1,085,400</b>	<b>215,550</b>	<b>678,900</b>	<b>51,300</b>	<b>3,625,350</b>
	Fj. stanga	1,438	1,206	232	321	57	<b>3,254</b>
	Fj. sumarl.	30			39		<b>69</b>
	Æsk			27			<b>27</b>

Tafla 1. Veiðileyfasala í Elliðavatni árið 2002.

## 2. Afli og sókn

Heimtur á veiðiskýrslum eru sýndar í töflu 2. Skilað var 318 skýrslum með 320 bleikju og 941 urriða afla, 1273 fiskum alls. 20 merki (1,6%) fylgdu þessum skýrslum.

153 veiðimenn gáfu upp lengd veiðidags. Meðaltal viðveru var 4,6 tímar, meðalfrávik 2 tímar.

Fjöldi og staðsetning veiðimanna sést í töflu 3. og á mynd 1.

Flestir voru að veiða 20. maí, 35. Næst flestir voru 17, þann 22. júní.

Dálkarnir tveir lengst til hægri í töflunni sýna fjölda- tíðni veiðimanna, þ.e. hversu oft enginn, 1, 2, o.s. frv. voru við veiðar.

Meðalfjöldi veiðimanna, leiknaður með logaritma- meðaltali var 5,7.

Athygli vekur hve fáir eru við veiðar á hverjum tíma, sérstaklega í Vatnsendavatni.

Á mynd 1 hefur staðsetning veiðimanna verið sett inn á kort. Áberandi er að sóknin er mest í kring um og í nánd við Elliðavatnsbæinn.

Svæði	Mánuður	Fjöldi Manna	Fjöldi bleikju	Fjöldi Urriða	Samtals	Fjöldi Merkja
1	Maí	17	0	49	61	0
1	Júní	20	0	86	86	2
1	Júlí	16	7	75	82	3
1	Ágúst	5	1	8	9	2
2	Maí	89	73	238	311	4
2	Júní	96	188	287	475	7
2	Júlí	48	45	149	194	0
2	Ágúst	20	6	36	42	2
2	Sept.	2	0	2	2	0
3	Maí	5	0	11	11	0
Summa		318	320	941	1273	20

Tafla 2. Skil á skýrslum veiðimanna eftir mánuðum og veiðisvæðum.

Dags	Kl.	Veður	Fjöldi á Svæði 1	Fjöldi á Svæði 2	Fjöldi Alls	ln Fjöldi	Fjöldi manna	Tíðni
18.5.2002	17		2	8	10	2.397	0	1
20.5.2002	16	Gott	13	22	35	3.583	1	0
24.5.2002	15	A2 Ský	0	3	3	1.386	2	3
27.5.2002	15	V1 Sól	0	4	4	1.609	3	2
31.5.2002	11		0	2	2	1.098	4	1
2.6.2002	17		9	3	12	2.564	5	3
3.6.2002	17	N2 Sól	0	5	5	1.791	6	2
7.6.2002		Sa2 Ský	1	4	5	1.791	7	0
10.6.2002		Sa4 Ský	1	7	8	2.197	8	2
13.6.2002	11	N1 Sól	0	6	6	1.945	9	2
15.6.2002	12	Logn	0	2	2	1.098	10	1
20.6.2002	08	Na2 Rign	0	0	0	0.0	11	0
22.6.2002	16	A2 Ský	1	16	17	2.890	12	1
27.6.2002	21	V2 Sól	0	9	9	2.302	13	1
4.7.2002	12		1	4	5	1.791	14	0
22.7.2002	16	V1 Ský	2	7	9	2.302	15	0
28.7.2002		V1 Sól	2	11	13	2.639	16	0
30.7.2002	12	S1 Ský	2	1	3	1.386	17	1
31.7.2002		S1 Skúr	0	6	6	1.945	18	0
9.8.2002	13	Logn Ský	0	2	2	1.098		
10.8.2002	13	A 1Sól	3	6	8	2.197	35	1
Meðaltal:			1.76	6.09	7.80	1.905		
Meðaltal:						5.72		

Tafla 3. Fjöldi veiðimanna við Elliðavatn eftir dögum. Skýringar í texta.

## Tillögur um veiðifyrirkomulag og skýrslusöfnun

Höfundur hélt fundi með formanni og framkvæmdastjóra Veiðifélags Elliðavatns þar sem rædd voru eftirfarandi málefni.

1. Er nauðsynlegt, eða yfirleitt hægt, að fá nákvæmar upplýsingar um veiði?
2. Þarf að selja veiðileyfi?
3. Á að leyfa frjálsa veiði og skaffa veiðifélagi tekjur með öðrum hætti?
4. Hvert er hlutfall bæjarfélaga og annarra?
5. Hvað er mikið af greiðslum sem fara í hring, eða úr einum vasanum í annan?

Að loknum þeim fundum hélt Veðifélagið tvo félagsfundi þar sem málin voru rædd en ekki voru á þessu stigi teknar ákvarðanir.

Niðurstöður sumarsins sýndu að Elliðavarn er lítið sótt sem veiðivatn miðað við stærð þess og fólksfjölda á Reykjavíkursvæðinu. Fólki finnst ekki að það sé að fara í veiðitúr í Elliðavatn, lítur fremur á það sem hluta af útivist. Flestir stoppa stutt við og á góðviðrisdögum er stundum enginn að veiða í vatninu. Mest er um veiðimenn í maí, seinni hluta sumars dregur úr heimsóknum og í september er hending að sjá veiðimann.

Álag veiðimanna á stofninn er lítið, sennilega innan við 15% af stofnstærð bleikju og urriða. Áhrif veiðanna á stofninn eru ekki sjáanleg.

Af 85 urriðum sem voru merktir fyrir veiðitíma 2002 í kring um bæinn að Elliðavatni heimtust 8 eða 10%. Þau komu öll frá veiðimönnum á þessu sama veiðisvæði. Þetta er besta matið sem fékkst á veiðiálag veiðimanna. Þetta er mest sótti staðurinn við vatnið og því má ætla að veiðiálag í heild sé enn lægra.

Niðurstæða viðræðnanna var að þar sem svo lítið væri veitt, væri ekki rétt að herða á skýrslusöfnun. Veðifélagið hefur reynt margt til að fá betri upplýsingar um veiðina og var nýlega með sérstakt átak, en það skilaði minni árangri en vænst hafði verið til. Settir voru upp safnkassar fyrir veiðiskýrslur en þeir voru lítið notaðir og jafn vel skemmdir. Mennt voru sammála um að það truflaði veiðimenn ef reynt yrði að krefja þá um frekari upplýsingar. Reynlan sýndi að reglubundnar rannsóknir væri betri aðferð til að fylgjast með ástandi vatnsins, fiskstofnum og veiðiálagi.


Mjög vel var tekið undir að gefa veiði frjálsa ef séð yrði fyrir því að tryggja eigendum núverandi tekjur með öðrum hætti. Myndi þá sparast kostnaður og óþægindi sem fylgir sölu veiðileyfa. Væntanlega yrði meiri ásókn í vatnið sem veiði- og útivistarsvæði, sem unnt væri að fylgja eftir með ýmsum hætti, t.d. uppákomum og veiðikennslu á svipaðan hátt og gert hefur verið í Heiðmörk. Þessar hugmyndir voru ræddar á félagsfundum og virðist meirihluti fyrir þessu fyrirkomulagi. Málið var þó ekki afgreitt og hefur mönnum e.t.v. þótt það hafa borið brátt að og vilja fá meiri tíma til að móta sína afstöðu. Tillagan er komin fram og það hefur áhrif á framtíð hennar hvernig henni verður tekið á borgar- og bæjar vettvangi.

Tillögur höfundar og veðifélags til verkefnisstjórnar eru að horfið verði frá frekari söfnun upplýsinga um veiði og veiðiálag. Stefnt verði að því að veiði í Elliðavatni verði öllum frjáls. Upplýsinga um sókn, veiðiálag verði aflað reglulega eftir því sem þurfa þykir. Tekið verði mið af þeim aðferðum sem lýst hefur verið í þessari skýrslu, svo og öðrum aðferðum sem notaðar hafa verið við þá úttekt á vatnasvæðinu sem nú stendur yfir.

Tilvitnun:

Jón Kristjánsson 2003. Stofnstærðarmæling silungs í Elliðavatni 2002. Skýrsla, 6 bls.

Jón Kristjánsson



Mynd 1. Dreifing veiðimanna. Bláir krossar er í maí, rauðar z eru júní og grænir hringir eru ágúst.